RÍKISENDURSKOÐUN
Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands
b.t. Herdísar Gunnarsdóttur
forstjóra
Árvegi
**800 Selfoss.**

*Dagsetning*
12. september 2017

*Tilvísun*
17030067
1.04
ÞG/mb

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. 0.0 K/S 21.9.17
Ábm. Svfr.
Afgr. ( )Bréf ( )St.
Lvm. Trm.

Meðfylgjandi er innbundið eintak af ársreikningi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir árið 2016, ásamt óinnbundnu frumriti.

Ársreikningur á rafrænu formi hefur verið sendur stofnuninni og velferðarráðuneyti.

Sími / telephone: (+354) 569 7100, myndsími / telefax: (+354) 562 4546, kennitala / Id.no.: 540269-1819,
netfang / e-mail: postur@rikisend.is, heimasíða / http: www.rikisend.is

RÍKISENDURSKOÐUN

# Heilbrigðisstofnun Suðurlands

## Ársreikningur 2016

Heilbrigðisstofnun Suðurlands
v/Árveg,
Selfossi.
670804-2750

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings | 3 |
| Áritun ríkisendurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) heyrir undir Velferðarráðuneytið og vinnur í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Hlutverk HSU í heilbrigðisumdæmi Suðurlands er að að veita grunn heilbrigðisþjónustu á svið heilsugæslu, almenna sjúkrahúsþjónustu ásamt því að reka hjúkrunarrými. Samkvæmt skipuriti eru rekin þrjú meginsvið þvert á hlutverk stofnunarinnar; hjúkrunarsvið, lækningasvið og rekstrarsvið. Heilbrigðisumdæmi stofnunarinnar nær yfir öll 15 sveitarfélög á Suðurlandi frá Sveitarfélaginu Ölfusi í vestri til Sveitarfélagsins Hornafjarðar í austri. Á starfssvæðinu búa um 27 þúsund manns. Starfsstöðvar eru 10 talsins og starfsmenn um 430 í um 292 stöðugildum á ársgrundvelli. Að auki starfa um 60 starfsmenn hjá HSU í Höfn í Hornafirði en starfsemin þar er rekin af Sveitarfélaginu Hornafirði samkvæmt samningi Heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands við Sveitarfélagið fyrir árin 2013-2016. Á öllum starfsstöðvum er heilsugæsla en á Selfossi, í Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði eru rekin sjúkra- og hjúkrunarrými, auk bráðamóttöku á Selfossi. Heimahjúkrun og bráðaþjónusta heilsugæslu er rekin í öllu umdæminu auk þess sem HSU annast alla utanspítalaþjónustu með sjúkraflutningum á Suðurlandi.

Á árinu 2016 varð 36,4 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu heildareignir 211,9 m.kr., skuldir 166,6 m.kr., höfuðstóll var 36,2 m.kr. og annað eigið fé nam 9,1 m.kr. í árslok 2016.

Forstjóri staðfestir ársreikning Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Selfossi, 7. september 2017.

Herdís Gunnarsdóttir,
forstjóri.

# Áritun ríkisendurskoðanda

**Til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands**

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrsu stjórnenda sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands 31. desember 2016, afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháðir Heilbrigðisstofnun Suðurlands og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

## Áritun ríkisendurskoðanda frh.

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Könnum hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum forstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 7. september 2017

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

# Rekstrarreikningur árið 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Seld þjónusta | 1 | 332.750.724 | 298.975.184 |
| Ýmsar tekjur | 2 | 249.118.520 | 162.248.363 |
| | | 581.869.244 | 461.223.547 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 3.411.041.637 | 3.168.090.687 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 4 | 69.016.255 | 68.662.258 |
| Funda- og ferðakostnaður | 5 | 42.717.948 | 44.846.875 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 6 | 652.447.269 | 602.272.634 |
| Lyf, lækninga- og hjúkrunarvörur | 7 | 114.390.585 | 108.171.790 |
| Fæðiskostnaður | 8 | 65.486.953 | 67.104.782 |
| Rekstur tækja og áhalda | 9 | 37.353.422 | 30.228.026 |
| Húsnæðiskostnaður | 10 | 254.860.288 | 243.631.582 |
| Bifreiðarekstur | 11 | 13.893.864 | 10.812.806 |
| Annar rekstrarkostnaður | 12 | 144.522.118 | 129.349.910 |
| Tilfærslur | 13 | 44.500 | 133.000 |
| | | 4.805.774.839 | 4.473.304.350 |
| Eignakaup | 14 | 122.956.848 | 26.561.757 |
| | | 4.928.731.687 | 4.499.866.107 |
| **Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur** | | ( 4.346.862.443) | ( 4.038.642.560) |
| Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | 15 | ( 6.467.863) | ( 3.509.512) |
| **Tekjuhalli fyrir ríkisframlag** | | ( 4.353.330.306) | ( 4.042.152.072) |
| Ríkisframlag | | 4.389.700.000 | 3.991.100.000 |
| **Tekjuafgangur/(-halli) ársins** | | 36.369.694 | ( 51.052.072) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 14.590.752 | 17.124.985 |
| Ríkissjóður | | 59.841.602 | 0 |
| Viðskiptakröfur | | 74.557.110 | 88.825.583 |
| Vörslufé | | 28.767.030 | 90.694.189 |
| Handbært fé | | 34.139.939 | 1.157.539 |
| | | 211.896.433 | 197.802.296 |
| **Eignir alls** | | 211.896.433 | 197.802.296 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| *Höfuðstóll:* | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | ( 399.803.786) | ( 348.751.714) |
| Viðbótar fjárheimildir skv. lokafjárlögum 2015 | | 399.700.000 | 0 |
| Tekjuafgangur/(-halli) ársins | | 36.369.694 | ( 51.052.072) |
| **Höfuðstóll** | 17 | 36.265.908 | ( 399.803.786) |
| *Annað eigið fé:* | | | |
| Bundið eigið fé | | 9.078.296 | 9.078.296 |
| **Annað eigið fé** | 17 | 9.078.296 | 9.078.296 |
| **Eigið fé** | | 45.344.204 | ( 390.725.490) |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Yfirdráttarlán | | 0 | 88.677.454 |
| Ríkissjóður | | 0 | 203.229.500 |
| Viðskiptaskuldir | | 137.785.199 | 205.926.643 |
| Vörslufé | | 28.767.030 | 90.694.189 |
| **Skuldir** | | 166.552.229 | 588.527.786 |
| **Eigið fé og skuldir alls** | | 211.896.433 | 197.802.296 |

# Sjóðstreymi árið 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| *Veltufé frá rekstri:* | | | |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins | | 36.369.694 | ( 51.052.072) |
| ***Veltufé frá rekstri*** | | 36.369.694 | ( 51.052.072) |
| *Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | | | |
| Skammtímakröfur lækkun/(hækkun) | | 14.268.473 | ( 26.780.230) |
| Vörubirgðir lækkun/(hækkun) | | 2.534.233 | 4.546.031 |
| Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun | | ( 68.141.444) | ( 57.884.543) |
| | | ( 51.338.738) | ( 80.118.742) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | ( 14.969.044) | ( 131.170.814) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Gjafaframlög hækkun/(lækkun) | | ( 61.927.159) | 11.564.293 |
| Bankainnstæður vegna gjafa lækkun/(hækkun) | | 61.927.159 | ( 11.564.293) |
| Yfirdráttarlán hækkun/(lækkun) | | ( 88.677.454) | ( 1.449.091) |
| *Breyting á stöðu við ríkissjóð* | | | |
| Framlag ríkissjóðs | | ( 4.389.700.000) | ( 3.991.100.000) |
| Greitt úr ríkissjóði | | 4.526.328.898 | 4.122.369.012 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | 47.951.444 | 129.819.921 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 32.982.400 | ( 1.350.893) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 1.157.539 | 2.508.432 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 34.139.939 | 1.157.539 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Heilbrigðisstofnun Suðurlands greiðir ekki tekjuskatt.

### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning sem ógreidd gjöld í árslok.

### Vörubirgðir

Vörubirgðir samanstanda af lyfjum, matvælum, rannsóknarvörum og almennum rekstrarvörum og eru metnar á kostnaðarverði.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og bankainnstæðum.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

# Skýringar

## Bókhald og fjárvarsla

Bókhald og launavinnsla Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er fært hjá stofnuninni í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orra. Auk þess sér skrifstofan um fjárreiður og starfsmannahald en Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast launaafgreiðslu fyrir stofnunina.

## Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands námu samtals 4.094,7 m.kr. á árinu 2016. Millifærðar fjárheimildir af öðrum fjárlagaliðum námu 295,0 m.kr. Þar af voru fjárveitingar til sjúkrasviðs 260,0 m.kr. m.a upp í rekstrarhalla og til tækjakaupa auk fjárveitingar vegna blóðskilunar og krabbameinslyfjagjafar á Selfossi. Fjárveiting til heilsugæslusviðs 35,0 m.kr. var viðbótarframlag til sjúkraflutninga og til að efla heimahjúkrun í Ölfusi. Fjárheimildir ársins 2015 námu því samtals 4.389,7 m.kr. Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu 4.353,3 m.kr. og voru því 36,4 m.kr. innan fjárheimildar ársins.

| **Í þús. kr.** | **Fjárlög** | **Fjárheimild** | **Reikningur** | **Frávik** |
|---|---|---|---|---|
| Sértekjur | ( 562.700) | ( 562.700) | ( 583.956) | 21.256 |
| Laun og launatengd gjöld | 3.344.400 | 3.479.400 | 3.411.042 | 68.358 |
| Önnur rekstrargjöld | 1.305.200 | 1.455.200 | 1.403.288 | 51.912 |
| | 4.086.900 | 4.371.900 | 4.230.373 | 141.527 |
| Eignakaup | 7.800 | 17.800 | 122.957 | ( 105.157) |
| | 4.094.700 | 4.389.700 | 4.353.330 | 36.370 |

Rekstrarreikningur, innri viðskipti meðtalin, sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

| | | |
|---|---|---|
| Heilsugæslusvið | 2.601.068 | 2.388.979 |
| Sjúkrasvið | 2.137.109 | 1.918.431 |
| Hjúkrunarrými | 607.978 | 515.052 |
| | 5.346.155 | 4.822.462 |
| Sértekjur | ( 992.825) | ( 780.310) |
| | 4.353.330 | 4.042.152 |

# Skýringar

**Sundurliðanir**

## 1. Seld þjónusta

Seld þjónusta nam 332,8 m.kr. og hækkaði um 33,8 m.kr. frá fyrra ári eða 11,3%.

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Komugjöld og önnur þjónusta | 159.652.344 | 134.560.109 |
| Rannsóknir | 75.660.200 | 63.554.710 |
| Sala til hjúkrunarheimila vegna læknisþjónustu | 55.220.483 | 66.058.280 |
| Sérfræðiþjónusta | 16.474.487 | 13.392.507 |
| Læknisvottorð | 25.743.210 | 21.409.578 |
| | 332.750.724 | 298.975.184 |

## 2. Ýmsar tekjur

Ýmsar tekjur hækkuðu um 86,9 m.kr. eða 53,5%. Hækkun stafar að mestu af auknum gjöfum til stofnunarinnar á árinu og eignasölu, en sumarbústaður þar sem skrifstofa stofnunarinnar hafði aðsetur í var seldur og í staðinn keyptir skrifstofugámar.

| | | |
|---|---|---|
| Fæðissala | 13.770.005 | 14.353.358 |
| Vistunargjöld | 18.753.307 | 18.624.340 |
| Húsaleiga | 20.689.615 | 18.641.455 |
| Gjafir og styrkir | 73.320.858 | 17.086.739 |
| Lyfsala | 73.278.904 | 69.826.611 |
| Eignasala | 16.800.000 | 0 |
| Aðrar tekjur | 32.505.831 | 23.715.860 |
| | 249.118.520 | 162.248.363 |

## 3. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður Heilbrigðisstofnunar Suðurlands nam 3.411,0 m.kr. og hækkaði um 243,0 m.kr. eða 7,7%. Í árslok var fjöldi starfsmanna stofnunarinnar 430. Ársverk á árinu voru 296,0 sem er fjölgun um 2,9 ársverk frá fyrra ári. Áfallið orlof er ekki fært upp í ársreikninginn.

| | | |
|---|---|---|
| Dagvinna | 1.758.250.832 | 1.629.101.240 |
| Yfirvinna | 535.707.438 | 393.720.656 |
| Vaktaálag | 391.340.144 | 461.219.154 |
| Aukagreiðslur | 85.115.037 | 78.296.233 |
| Launatengd gjöld | 634.566.381 | 602.785.958 |
| Starfsmannakostnaður | 6.061.805 | 2.967.446 |
| | 3.411.041.637 | 3.168.090.687 |

# Skýringar

## 4. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 0,4 m.kr. frá fyrra ári eða um 0,5%. Hækkun varð á afnotagjöldum, en auglýsingar og kynningar lækkuðu vegna sameiningar heilbrigðisstofnana í október árið 2014.

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Tímarit, blöð og bækur | 574.283 | 257.357 |
| Afnotagjöld | 42.314.630 | 39.285.383 |
| Símagjöld | 10.943.640 | 10.909.659 |
| Burðargjöld | 11.198.105 | 9.623.888 |
| Auglýsingar, kynningar og útgáfustarfsemi | 1.714.499 | 5.412.626 |
| Skrifstofuvörur | 2.253.243 | 2.893.180 |
| Gjafir | 17.855 | 280.165 |
| | 69.016.255 | 68.662.258 |

## 5. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður lækkaði um 2,1 m.kr. eða 4,7%.

| | | |
|---|---|---|
| Ferða- og dvalarkostnaður innanlands | 8.802.163 | 6.716.140 |
| Ferða- og dvalarkostnaður erlendis | 5.859.362 | 8.807.239 |
| Funda- og ráðstefnugjöld | 2.269.108 | 2.618.533 |
| Námskeiðsgjöld | 1.947.665 | 3.087.253 |
| Félagsgjöld | 157.113 | 182.500 |
| Risna | 148.321 | 43.329 |
| Akstur | 23.534.216 | 23.391.881 |
| | 42.717.948 | 44.846.875 |

## 6. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta hækkaði um 8,3% eða 50,2 m.kr. Hækkun á sérfræðiþjónustu stafar af auknum verktakagreiðslum til lækna. Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um rekstur heilsugæslu á Suð-Austurlandi var gerður af Sjúkratryggingum Íslands og hækkaði um 5,8%.

| | | |
|---|---|---|
| Aðkeypt rannsóknarstofuþjónusta | 66.199.399 | 55.248.134 |
| Sérfræðiþjónusta | 235.112.182 | 209.344.603 |
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 66.051.688 | 68.119.897 |
| HSU Hornafirði | 285.084.000 | 269.560.000 |
| | 652.447.269 | 602.272.634 |

# Skýringar

## 7. Lyf, lækninga- og hjúkrunarvörur

Lyf, lækninga- og hjúkrunarvörur hækkuðu um 6,2 m.kr. eða 5,7%.

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Lyf og tengd efni | 76.470.354 | 70.395.363 |
| Lækninga- og hjúkrunarvörur | 37.920.231 | 37.776.427 |
| | 114.390.585 | 108.171.790 |

## 8. Fæðiskostnaður

Fæðiskostnaður nam 65,5 m.kr. árið 2016 en var 67,1 m.kr. árið áður. Mötuneyti er fyrir sjúklinga og starfsfólk á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

## 9. Rekstur tækja og áhalda

Rekstur tækja og áhalda hækkaði um 7,1 m.kr. eða 23,6% frá fyrra ári. Hækkun kemur helst frá liðunum viðhald lækningatækja.

| | | |
|---|---|---|
| Smátæki og áhöld | 7.584.247 | 6.871.623 |
| Viðgerðir og viðhald | 1.456.196 | 1.032.385 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 2.086.311 | 3.405.980 |
| Leigugjöld tækja og áhalda | 6.718.408 | 6.056.862 |
| Ýmis sérfræðiþjónusta | 11.852.382 | 10.460.637 |
| Hjálpartæki og smærri lækningatæki | 2.401.017 | 1.015.071 |
| Viðgerðir og viðhald lækningatækja | 5.254.861 | 1.385.468 |
| | 37.353.422 | 30.228.026 |

# Skýringar

## 10. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 11,2 m.kr. eða 4,6% frá fyrra ári. Stofnunin greiðir leigugjöld til Ríkiseigna.

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Leigugjöld | 191.825.311 | 184.091.523 |
| Orkukostnaður | 39.451.057 | 38.278.021 |
| Viðhald og verkkaup | 11.949.138 | 12.198.390 |
| Ýmis húsnæðiskostnaður | 11.634.782 | 9.063.648 |
| | 254.860.288 | 243.631.582 |

## 11. Bifreiðarekstur

Stofnunin var með 16 bifreiðar í rekstri á árinu. Bifreiðakostnaður hækkar um 28,5% frá fyrra ári.

| | | |
|---|---|---|
| Bensín og olía | 3.459.622 | 3.841.475 |
| Opinber gjöld og tryggingar | 1.610.350 | 1.731.576 |
| Rekstrarleiga | 4.029.141 | 2.305.895 |
| Viðgerðir og viðhald | 4.455.034 | 2.688.184 |
| Rekstrarvörur og þjónusta | 339.717 | 245.676 |
| | 13.893.864 | 10.812.806 |

## 12. Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarvörur | 14.201.785 | 10.989.252 |
| Vinnufatnaður og fatafé | 3.441.671 | 4.488.582 |
| Rannsóknastofuefni | 46.204.553 | 35.071.383 |
| Lyf til endursölu | 38.018.393 | 44.418.421 |
| Hreinsun og gagnaeyðing | 11.442.661 | 10.786.956 |
| Ýmis önnur þjónustugjöld | 3.961.929 | 3.722.112 |
| Véla- og tækjaleiga | 1.740.380 | 3.386.294 |
| Önnur opinber gjöld | 9.863.313 | 6.897.509 |
| Innheimtukostnaður | 0 | 1.240.155 |
| Sjúkraflutningar | 6.514.432 | 8.281.433 |
| Tapaðar kröfur | 1.022.316 | 67.813 |
| Óbein afskrift | 8.110.685 | 0 |
| | 144.522.118 | 129.349.910 |

## 13. Tilfærslur

Tilfærslur að fjárhæð 0,1 m.kr. eru styrkir til ýmissa samtaka og félaga.

# Skýringar

## 14. Eignakaup

Eignakaup námu 123,0 m.kr. en tæki og búnaður þar með talið röntgentæki var að stærstum hluta keypt fyrir gjafafé. Keypar húseignir eru gámar sem notaðir eru fyrir skrifstofuhúsnæði.

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Tölvubúnaður | 7.276.394 | 4.221.923 |
| Húsgögn | 2.355.604 | 3.629.749 |
| Skrifstofubúnaður | 0 | 2.395.275 |
| Röntgentæki | 45.845.370 | 0 |
| Lækninga- og rannsóknartæki | 24.911.184 | 11.822.581 |
| Önnur tæki og búnaður | 5.567.986 | 4.492.229 |
| Húseignir | 37.000.310 | 0 |
| | 122.956.848 | 26.561.757 |

## 15. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 2.086.869 | 1.615.686 |
| Vaxtagjöld | ( 8.503.258) | ( 5.074.258) |
| Önnur fjármagnsgjöld | ( 51.474) | ( 50.940) |
| | ( 6.467.863) | ( 3.509.512) |

## 16. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig eru greiðslur og framlag færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2016 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 59,8 m.kr. Staða við ríkissjóð batnaði um 263,1 m.kr. á árinu vegna viðbótarfjárheimildar skv. lokafjárlögum 2015.

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2016 | ( 203.229.500) |
| Viðbótar fjárheimildir skv. lokafjárlögum 2015 | 399.700.000 |
| Ríkisframlag | 4.389.700.000 |
| Greiðslur | ( 4.368.137.588) |
| Millifærslur | ( 158.191.310) |
| Staða 31. desember 2016 | 59.841.602 |

# Skýringar

## 17. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2016 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar 36,3 m.kr. uppsafnaðan tekjuafgang og hafði staðan batnað um 436,1 m.kr. frá árinu á undan eða sem nam viðbótarfjárheimild 399,7 m.kr. og 36,4 m.kr. tekjuafgangi ársins.

| | |
|---|---|
| *Höfuðstóll* | |
| Höfuðstóll 1. janúar 2016 | ( 399.803.786) |
| Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag | ( 4.353.330.306) |
| Viðbótar fjárheimildir skv. lokafjárlögum 2015 | 399.700.000 |
| Ríkisframlag | 4.389.700.000 |
| Höfuðstóll 31. desember 2016 | 36.265.908 |
| *Annað eigið fé* | |
| Bundið eigið fé í ársbyrjun | 9.078.296 |
| Bundið eigið fé í árslok | 9.078.296 |

**Fjögurra ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:**

| | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | |
| Rekstrartekjur | 581.869 | 461.224 | 410.767 | 398.209 |
| Rekstrargjöld | ( 4.928.732) | ( 4.499.866) | ( 3.936.047) | ( 3.806.601) |
| Fjármagnsliðir | ( 6.468) | ( 3.510) | ( 20.602) | ( 14.733) |
| Gjöld umfram tekjur | ( 4.353.330) | ( 4.042.152) | ( 3.545.882) | ( 3.423.125) |
| Ríkisframlag | 4.389.700 | 3.991.100 | 3.529.606 | 3.312.200 |
| Tekjuafgangur/(-halli) ársins | 36.370 | ( 51.052) | ( 16.276) | ( 110.925) |
| **Efnahagur** | | | | |
| Veltufjármunir | 211.896 | 197.802 | 165.355 | 166.502 |
| Eignir alls | 211.896 | 197.802 | 165.355 | 166.502 |
| Höfuðstóll | 36.266 | ( 399.804) | ( 348.752) | ( 332.475) |
| Annað eigið fé | 9.078 | 9.078 | 9.078 | 9.078 |
| Skammtímaskuldir | 166.552 | 588.528 | 505.028 | 489.899 |
| Eigið fé og skuldir alls | 211.896 | 197.802 | 165.355 | 166.502 |